

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Brúnir 1, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 13. júní 2019 deiliskipulagstillögu fyrir Brúnir 1. Tillagan tekur til 1,6 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir verslunar- og þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn, auk bílastæðis og leik-/útvistarsvæðis. Þjónustumiðstöðin má vera allt að 116 m² að grunnfleti, með bílastæði fyrir allt að 100 fólksbíla og 6 hópferðabíla. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyvindarholt/Langhólmi, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 13. júní 2019 deiliskipulagstillögu fyrir Eyvindarholt/Langhólma. Tillagan nær til 36,2 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir allt að 14 byggingarreitum fyrir frístundahús. Á hverjum reit verður heimilt að reisa allt að 120 m² frístundahús, ásamt 25 m² aukahúsi. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 6. ágúst 2019.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. ágúst 2019